

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu miðvikudaginn 3.september 2014 og hófst kl 16:00

Mætt eru: Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Elías Pétursson, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir, Sigríður Klara Sigfúsdóttir, Halla Rún Halldórsdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurbjörnsdóttir, Dagrún Þórisdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

1. Skýrsla frá skólastjórum

Skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði, María Guðmundsdóttir.

- Viss vandamál í skólabyrjun varðandi mótuneyti, þar sem Freydís forfallaðist og verður frá fram í október. Aðrir starfmenn hafa skipst á að leysa það.
- Klara í fríi 9.-15.sept
- Bylgja í námi og þarf frí vegna námslotna en María leysir hana þá af.
- Nordplus hópurinn kemur í gistingu 9.sept og fer á sjóstöng, skoða fiskverkun o.fl.
- 15 nemendur við skólann í haust.
- Haldið áfram með vinnustofur, María og Bylgja verða með kynningu á haustþingi kennara á Vopnafirði fljótlega.
- Vatnajökull aðalkennsluefnið núna.
- Háskólalestin gæti komið í haust í nokkra daga og verið með kennslu f. 6-10 bekk, en gæti líka komið í vor og haft opna náttúrufræðidaga í íþróttahúsinu fyrir alla íbúa. María skoðar það mál áfram.
- 7.-10. bekkur á Þórshöfn á þri og fim. María fylgir þeim á þri en Bylgja á fim.
- Skólastjórar stefna á að festa fundartíma á þriðjudögum.
- 1. hvers mánaðar er foreldrafundur þar sem farið er yfir atburði framundan og fjáraflanir.
- Viðhald á grunnskólanum: búið að skipta um þakglugga og koma þannig í veg fyrir leka. Ekkert annað hefur verið gert.

Skólastjóri Leikskólans Barnabóls, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir

- Starfið komið vel af stað, nokkur börn hafa verið í aðlögun og gengið mjög vel. Fleiri að byrja í næstu viku.
- 37 börn í leikskólanum, 15 á Seli og 22 á Stekk
- Slökkviliðið væntanlegt á morgun með kynningu og rýmingaræfing áætluð bráðlega. Þarf að bæta neyðarútganga og uppfæra rýmingaráætlun.
- Náttúran er þema haustsins, stefnt á fjöruferðir, kartöflu-upptöku, berjamó og fleira.
- Nýtt skráningarform notað sem kallast TRAS, sem er einstaklingsskráning til að fylgjast með þroska og getu barna. Fyrir 2-5 ára.
- Orðaskil. Meira fyrir yngri börnin og fyllt út af foreldrum. Aukaspurningalisti fyrir þau tvítyngdu. Bæði kerfin byggja á snemmtækri íhlutun.

- Viðgerðarlisti Barnabóls að mestu búinn.
- Slæm umgengni á leikskólalóðinni í sumar.
- Rólurnar orðnar mjög lúnar, sumar slitnar. Þurfa viðhald. Girðing umhverfis lóðina sífellt að slitna. Hefur verið gert við götin jafnóðum en þyrfti að skipta um net.
- Ástand húsnæðis við Hálsveg orðið alveg óviðunandi. Dúkur í viðbyggingu orðinn svartur af rakaskemmdum, gluggar lekir og óþéttir svo erfitt er að halda viðunandi hitastigi í húsinu.
- Sveitarfélagið þarf að fá undanþágur í 13 sinn frá Brunavarnareftirlitinu og Heilbrigðiseftirlitinu ef starfsemi á að vera í leikskólanum.
- Sóley Vífilsdóttir kemur í 50% starf og sinnir sérkennslu ásamt öðrum störfum.
- Halldóra lagði fram eftirfarandi áætlanir Barnabóls;
 - Jafnréttisáætlun Barnabóls
 - Viðbragðsáætlun við einelti og ofbeldi
 - Áfallaáætlun
 - Starfsáætlun Barnabóls 2014-2015.

Skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, Ingveldur Eiríksdóttir.

- Starfmannamál
Enn vantar umsjónarkennara í 1.-2. bekk sem og sérkennara í hlutastarf. Ásdís og Ingveldur hafa tekið að sér þessi verkefni. Ásdís með 1. – 2. Bekk og Ingveldur með 5. – 6. Bekk.
Gengur vel en IE getur aðeins sinnt skólastjórastörfum takmarkað á meðan. Einnig er vöntun á meiri sérkennslu. „
Fundarmenn voru sammála um það væri ekki gott til lengri tíma að skólastjóri væri við kennslu og það þyrfti að breytast sem fyrst.“
Vonast til að leysa þetta í september, með tilfæringum á milli bekkjardeilda og að nýta stuðningsfulltrúa til kennslu. Einnig hefur borist ein umsókn frá manneskju sem gæti byrjað um áramót. Óljóst ennþá.
- Húsnæði
Mikil ánægja með endurbætur á húsnæði. Ljós og loftaplötur í 5.-6. bekkjarstofu hafa verið endurnýjaðar.
Vantar borð, stóla, hillur og vaskaborð til að koma á móts við fleiri nemendur suma daga t.d. þegar nemendur frá Bakkafirði eru líka.
- Nýbúið að versla búnað, námsgögn og forrit í raungreinastofuna fyrir gjafafé Hollvinasamtaka GÞ og stendur til að efla raungreinakennslu á komandi vetri. Fundurinn lýsti yfir ánægju með að auka eigi við vægi raungreinakennslu í GÞ.
- Námskynningar á morgun 4.sept í skólanum, þar sem foreldrum er boðið í spjall.
- IE afhenti bækling með valgreinum fyrir 7.- 10. bekk þar sem framboðið er einstaklega glæsilegt þetta árið.
- Frístundin er byrjuð fyrir 1.- 4. bekk, sem vistar börn sem fara með skólabílum + 8-10 önnur börn frá skólalokum og til kl 16. Hefur verið gjaldfrjálst hingað til og ekki útlit fyrir breytingar á því.

- Verið að nota Mentor og reynt að hafa hann notendavænan þannig að allar upplýsingar fyrir foreldra séu þar aðgengilegar.
- IE dreifði stundaskrá skólans þar sem viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár er borin saman við Gþ. Farið yfir stöðu Gþ í þeim málum. Erlend tungumál eru með færri stundir en aukið í íslenskugreinar á móti. List- og verkgreinar eru einnig færri en þar koma fleiri stundir inn í valtímum. Samfélagsgreinar, náttúrugreinar og val eru með fleiri stundir og aðrar greinar á pari.
- Heimanám í boði fyrir alla nemendur, utan stundaskrár þar sem tveir kennarar eru saman með hóp.

2. Leikskóladeild á Bakkafirði

Vísað til fræðslunefndar að koma að útfærslu.

Rætt um starfsgildi miðað við barnafjölda og mikilvægi þess að setja viðmiðunarreglur í þeim efnum.

FN fagnar ákvörðun sveitarstjórnar og felur Maríu, Halldóru og Heiðrúnu að vinna málið áfram og skila af sér hugmyndum til sveitarstjóra hið fyrsta. Niðurstöður skulu sendar á Fræðslunefndina og gefinn kostur á athugasemdum.

EP þurfti að yfirgefa fundinn.

3. Skólaakstur milli skólahverfa í Langanesbyggð

Málin rædd

Gerð var eftirfarandi bókun. Dagrún sat hjá við afgreiðslu.

„Það er vilji FN að standa við settar reglur varðandi skólahverfi en komið verði til móts við þá nemendur sem höfðu hafið nám áður en þær reglur voru settar. Þetta telst þó ekki fordæmisgefandi.“

Borið undir atkvæði, 4 með og enginn á móti.

4. Bréf frá MMR dags. 16.júní 2014 varðandi sundkennslu í grunnskólum.

Heiðrún kynnti málið og IE upplýsti að málið sé í farvegi.

5. Bréf til fræðsluráðs varðandi stóru upplestrarkeppnina

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál

IE afhenti nefndarmönnum möppur sem innihalda Handbók fræðslunefndar. Hún var unnin af skólastjórnendum Gþ og er gert ráð fyrir að skrifstofustjóri LNB sé ritstjóri hennar hér eftir. Kalli því möppurnar inn reglulega til að uppfæra gögn. FN lýsir yfir mikilli ánægju með þessa vinnu og fagnar þessari faglegu framför nefndarinnar.

IE dreifði minnisblaði frá Kadri til kynningar og óskar eftir öðrum fundi með FN til að ræða mál tónlistarskólans sem fyrst.

IE dreifði uppfærðri umbótaáætlun ásamt bréfi til MMR dags. 4.nóv 2013.
Umræðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl 19:30

7. Trúnaðarfundur

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 19:40